

Heimsleikafarar slökkviliðsins styrkja Kvennaathvarfið og Geðhjálp



Frá afhendingunni í dag. mbl.is/Júliús

Félag Heimsleikafara Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins stendur árlega fyrir dagatalasölu til að fjármagna ferð á Heimsleika lögreglu- og slökkviliðsmanna. Í ár var ákveðið að verja hluta af hagnaðinum af sölu dagatalanna til að styrkja Kvennaathvarfið og Geðhjálp.

Árlega koma um 100 börn í Kvennaathvarfið sem mörg hver hafa ekki sömu möguleika á afþreyingu og önnur börn. Var því ákveðið í samstarfi við Smárabíó að veita styrk í afþreyingasjóð athvarfsins. Styrkurinn er í formi 100 gjafabréfa fyrir bíóferð, poppi og gosi.

Heimsleikafaramir völdu einnig að styrkja Geðhjálp um 150 þúsund krónur vegna verkefnisins „Útmeða“ sem slökkviliðsmenn hafa áður styrkt með því að hlaupa bæði í Reykjavíkumaraþoninu og hringinn í kringum Ísland.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/12/18/slokkvilidsmenn_lata_gott_af_ser_leida/